

Bjartar nætur



FERÐALEIKHÚSIÐ heldur áfram sýningum á „Light Nights“ að Fríkirkjuvegi 11. Sýningarnar eru fjórar í viku fram til 31. ágúst, það er á fimmtudags-, föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöldum, og hefjast þær kl. 21 öll kvöldin.

Sýningar þessar eru einkum ætlaðar enskumælandi ferðamönnum.



Sveinn



Sigfús



Nína

Kjarvalsstaðir:

Nína, Sveinn og Sigfús

ÞESSA dagana stendur yfir á Kjarvalsstöðum sýning þriggja listamanna, Nínu Gautadóttur, Sveins Björnssonar og Sigfúsar Halldórssonar.

Nína Gautadóttir sýnir nú í fyrsta sinn hérlendis. Á sýningunni eru 13 veggskúlptúr-verk, sem gerð eru á árunum 1975—'80. Nína lærði á listaskóla í París þar sem hún er einnig búsett nú. Í myndir sínar notar hún aðallega netagarn og hamp. Verkin eru öll til sölu.

Sveinn Björnsson hefur málað frá árinu 1964 og lærði við akademíuna í Kaupmannahöfn. Hann hefur mikið verið til sjós, en er nú rannsóknarlögreglumaður. Sveinn á margar sýningar að baki, en síðast sýndi hann í Kaupmannahöfn 1978.

Sigfús Halldórsson hóf nám í málaralist 16 ára gamall og lærði þá hjá Birni Björnssyni og Marteini Guðmundssyni. Árið 1944 fór hann til Englands og lærði leiktjaldagerð, auk þess sem hann tók húsamálun sem aukagrein. Þetta er þriðja sýning Sigfúsar. Alls eru 84 málverk eftir hann á sýningunni, þar af 52 til sölu.

Sýningargestir á Kjarvalsstöðum munu fá aukagladning á sunnudagskvöld kl. 21, en þá munu þau Sigurveig Hjaltested og Kristinn Bergþórsson taka lagið við undirleik Sigfúsar Halldórssonar.

Sýning listamannanna er opin alla daga frá kl. 14—22 og stendur til 24. ágúst.

„Þó að vinnuaðferðin sé aldagömul þá tel ég að menn eigi að fylgja kröfum tímans“

Hér á landi er nú staddur norskur maður, Johan Hopstad að nafni, sem þessa dagana sýnir í bókasafni Norræna hússins handunna muni, gerða með vinnuaðferðum frá víkingatímanum.

Í samtali við blm. Mbl. sagðist Johan vera u.þ.b. viku að smíða saumaskrínu. Þar sem ekki væri hægt að vinna stöðugt að hverjum hlut yrði hann að hafa fleiri í takinu í senn.


„Undirbúningsvinna er talsverð,“ sagði hann, „því fyrst þarf ég að fara út í skóg að finna efnivið og gera hann smíðahæfan. Síðan hefst smíðin sjálf, við skurð á trénu, samsetningu og saumaskap. Öskjurnar eru saumaðar saman með tágum eða birkitrjárótum, sem ég hef fyrst þurrkað og rúllað upp og síðan bleytt áður en ég nota þær. Því næst ber ég fernisolíu á öskjuna og bíð síðan þar til hún er þornuð. Þá strýk ég yfir hana með sandpappír, þannig að hún verði ekki hrjúf viðkomu.“

Johan Hopstad var spurður um áhuga fólks á þessari starfsemi. Kvað hann mikla aðsókn vera að námskeiðum sem hann héldi og kæmust færri að en vildu. „Ég tek aðeins átta nemendur í einu því ég vil að þeir læri þessi handbrögð vel, og ég vil geta sinnt þeim, svarað spurningum þeirra, þannig að þeir geti síðar meir leiðbeint öðrum og þessi handbrögð gangi frá einni kynslóð til annarrar.

Það er mér sérstök ánægja hve ungt fólk sýnir þessu mikinn áhuga og ég held að það sé orðið þreytt á allri fjöldaframleiðslunni og vilji skapa eitthvað sjálft, en ekki taka við einhverju fjöldaframleiddu sem er notað aðeins í skamman tíma og síðan hent.

Þó að vinnuaðferðin sé aldagömul þá tel ég að menn eigi frekar að fylgja kröfum tímans en smíða eingöngu eftirlíkingar af safngripum. Það er mín skoðun að menn eigi að reyna að skapa eitthvað nýtt, því það er manninum áskapað. En það er alls ekkert verra að kunna að smíða muni eins og þeir voru í gamla daga.“

Johan Hopstad er þrænskur að uppruna en býr nú í Bodö. Hann hefur stundað handavinnukennslu en hann fékk áhuga á þessari gömlu vinnuaðferð fyrir aðeins nokkrum árum. Hann er algjörlega sjálfmenntaður á þessu sviði því að enginn sinnti þessari iðju áður en hann hófst handa. Á síðastliðnum tveimur árum hefur Johan haldið sex sýningar og allsstaðar vakið mikla eftirtekt.



Norðmaðurinn Johan Hopstad sem um þessar mundir sýnir ýmsa gagnsmuni úr tré og næfri í bókasafni Norræna hússins.



Askja sem Johan Hopstad smíðaði sérstaklega fyrir Íslandsferðina. Eins og sést á myndinni eru öll samskeytin saumuð saman en ekki límd.